



Hreyfingin lífrænt kerfi

● Hildur Hákonardóttir: Rauður þráður nefnist yfirlitssýning sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag ● Fyrsta rannsóknarverkefnið af þremur hjá safninu um hlut kvenna í íslenskri myndlist

VIÐTAL

Silja Björk Huldudóttir
silja@mbl.is



„Þessi sýning dregur upp skýra mynd af því að kvennabaráttan, framúrsteftnuleg myndlist og það að hugsa um náttúruna með sjálfbær- um hætti eru ekki aðskilin mengi, heldur tengjast þau sterkum böndum í ferli Hildar,“ segir Sigrún Inga Hrólfsdóttir sýningarstjóri yfirlitssýningarinnar *Hildur Hákonardóttir: Rauður þráður* sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag kl. 16.

Spurð um tilurð sýningarinnar rifjar Sigrún Inga upp að hún hafi árið 2020 haft samband við Hildi þar sem hana langaði að ræða við hana um menntun í myndlist hérlendis. „Ég var þá deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, en Hildur hafði verið skólastjóri Myndlista- og handiðaskóla Íslands á árunum 1975-78. Við höfðum því í raun gegnt sama starfinu,“ segir Sigrún Inga og tekur fram að sýn Hildar hafi enn áhrif á myndlistarmenntun í dag.

Spennandi að skoða í heild

„Þegar Listasafn Reykjavíkur óskaði eftir tillögum að rannsóknarverkefnum um hlut kvenna í íslenskri myndlist fannst mér einboðið að skoða feril Hildar,“ segir Sigrún Inga, en Listasafn Reykjavíkur hlaut Öndvegisstyrk Safnaráðs árið 2021 til að rannsaka hlut kvenna í íslenskri myndlist í samstarfi við námsbraut í listfræði við Háskóla Íslands. Sýningin sem opnuð verður í dag er sú fyrsta af þremur sem úr þessum Öndvegisstyrk koma. Samhliða sýningunni kemur út efnismikil sýningarskrá sem Sigrún Inga skrifar að stærstum hluta.

„Sýningin hér gefur yfirlit yfir þau hugðarefni sem Hildur hefur fengist við og spannar 60 ára tímabil, en yngsta verkið er frá í fyrri,“ segir Sigrún og bendir á að Hildur hafi komið víða við á ferlinum og nýtt fjölbreytta miðla, þótt vefnaðurinn hafi oftast orðið fyrir valinu.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Andóf Sigrún Inga Hrólfsdóttir sýningarstjóri og Hildur Hákonardóttir á Kjarvalsstöðum fyrr í vikunni.



Fyrirmynd Hildur fyrir framan ofið verk af Huldu skáldkonu.

„Hildur tók virkan þátt í kvennahreyfingunni, starfaði með SÚM, var skólastjóri Myndlista- og handiðaskóla Íslands auk þess sem hún var á undan sinni samtíð í hugmyndum um sjálfbærni og náttúruvernd.

Það gengur rauður þráður í gegnum allt hennar starf sem tengir ólíka þætti og miðla saman. Sem dæmi hugsar hún kvennahreyfinguna út frá vefnaði og plöntum, nálgast náttúruna út frá sögunni og sér

textíl sem nokkurs konar undirstöðu siðmenningar. Af þessum sökum er svo spennandi og gaman að skoða ferilinn í heild,“ segir Sigrún Inga og rifjar upp að Listasafn Reykjavíkur hafi aðeins átt eitt verk eftir Hildi þegar rannsóknarverkefnið hófst. „Safnið er búið að kaupa fleiri verk og einnig fá að gjöf, þannig að skekkjan hefur lagast ögn,“ segir Sigrún Inga og tekur fram að það sé hins vegar ekkert leyndarmál að það halli mjög á konur í safneignum um allan heim.

Náttúran alltaf heillað

„Ég á tvo lærifeður og fyrirmyndir sem hafa mótað mína eigin hugsun. Annar er Thoreau hinn Wolfgang von Goethe,“ segir Hildur og bendir á að þeir eigi það sameiginlegt að skoða náttúruna af mikilli skarpskyggni, sem hafi alla tíð heillað hana. Ekki síst hafi hún verið hugfangin af hinum ýmsu kerfum, hvort heldur það eru kerfi náttúrunnar eða manngerð kerfi á borð við stjórnskipulag, hefðir og kynjakerfið.

„Á sýningunni má sjá hluti sem hafa ekki haft status myndlistarverks en eru ótvírætt myndlist,“ segir Sigrún og bendir sem dæmi á félagsform Rauðsokkahreyfingarinnar sem Hildur teiknaði upp. „Þar lagði hún áherslu á að fara ekki inn í hefðbundið þrámíðaform með formann, ritara og stjórn, heldur vera með lífrænt kerfi,“ segir Sigrún Inga. „Sem er í sjálfu sér lýðræði,“ bætir Hildur við og bendir á að aldrei sé hægt að leiðrétta skekkju með þeim sömu aðgerðum og bjuggu hana til. „Mér fannst svo sterkt þegar þú sagðir einu sinni að sú sem kynni að vefa kynni líka að stjórna fjöldahreyfingu,“ segir Sigrún Inga og bendir á að það að beita einu kerfi innan annars kalli á uppbot og möguleika á raunverulegri breytingu.

Langaði að hraða þróuninni

„Mér hefur fundist í íslensku samfélagi gott jafnvægi milli þeirra sem móta kerfið og þeirra sem eru krítískir á það og finnst að gera mætti betur. Gagnrýni er krafa til þeirra sem móta kerfið um að gera betur,“ segir Hildur og rifjar upp að búseta hennar í Bandaríkjunum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar þegar hún var ung að árum hafi haft mótandi áhrif á hana. Eins og Sigrún Inga bendir á í sýningar- skránni voru Bandaríkin á þessum tíma fremst meðal þjóða í vísindum og listum, en einnig í réttindabaráttu bæði svarta og kvenna.

„Ég vissi eftir búsetu mína í Bandaríkjunum í hvaða átt samfélagið hérlendis hlyti að fara og langaði til að taka þátt í því að hraða

þeirri þróun. Þess vegna var ég svo óhrædd að styðja við þær breytingar sem ég vissi að hlytu að eiga eftir að verða. Mörg verkanna hér á sýningunni koma út úr þessum þælingum,“ segir Hildur og tekur fram að hún hafi samtímis verið sér mjög meðvituð um hversu vandasamt og mikið þolinmæðisverk það er að breyta hlutum. „Það getur engin verið byltingarmanneskja öllum stundum, því stundum þurfum við eins og skjaldbakann að draga okkur í hlé inn í skelina til að hvíla okkur.“

Vefnaður andóf við hefðina

Aðspurð hvers vegna vefnaðurinn hafi orðið fyrir valinu sem miðill á sínum tíma svarar Hildur því að það sé ekkert launungarmál að í því hafi falist ákveðið andóf við málarahefðina. „Málaralístin var orðin svo tengd hinu karllæga. Ef konur ætluðu að sækja af krafti inn í þá menningu að móta myndir þá þurftum við að finna okkar viðfangsefni, okkar miðil, okkar form, okkar aðferð og okkar efnivið,“ segir Hildur og bendir á að meðan línan sé karllæg og abstrakt sé þráðurinn kvenlegur tjáningarfæri, þrívíður, mjúkur og sveigjanlegur. „Femínisminn stækkar kerfin þannig að það verður meira rými fyrir fleiri sem ekki þóssuðu inn í kerfin sem fyrir voru,“ segir Sigrún Inga. „Ramminn var orðinn alltof þröngur og því var breytinga þörf,“ bætir Hildur við.

Komin inn í fjórðu víddina

Talið berst aftur að náttúrunni og þá segir Hildur: „Lífsverk mitt hefur falist í því að fara ofan í ræturinn á því hvernig manneskjan fer að því að lifa áfram á jörðinni, sem er spurning sem verður sífellt meira aðkallandi. Maðurinn verður að bera virðingu fyrir manneskjuni. Maðurinn verður líka að bera virðingu fyrir sjálfum sér og náttúrunni. Það er hún sem gerir jörðina ríka og hún sem skapar það andrúmsloft sem við þurfum að anda að okkur til að lifa af,“ segir Hildur og tekur fram að hún sé bæði forvitin og spennit fyrir framtíðinni. „Ég get ekki farið héðan því mig langar svo að fá að fylgjast með því hvernig framtíðin verður. Ég er eiginlega að reyna að semja við æðri máttarvöld um að fá að vera hér eins lengi og hægt er,“ segir Hildur, sem man tímanna tvö og bendir í því samhengi á að hún muni vel eftir veröldinni og hvernig hún var áður en plastið kom til sögunnar.

„Eitt af því góða við fortíðina sem gott væri að taka með sér inn í framtíðina er vefnaðurinn, sem er undirstaða siðmenningarinnar,“ segir Sigrún Inga. „Við erum í raun komin inn í fjórðu víddina,“ segir Hildur og vísar þar til þess hvernig tölur og stafræn tækni hafa fært manneskjuna inn í fjórðu víddina, sem segja má að sé þrívídd plús tími. „Þráðurinn passar betur inn í þá veröld sökum þess að hann er þrívíður til að byrja með. Hvort hann helst sem áþreifanlegur sköpunarmiðill eða þróast yfir í það að verða ljósblýgur mun tíminn einn leiða í ljós,“ segir Hildur.

Þess má að lokum geta að eftir viku, laugardaginn 21. janúar kl. 13-16, verður á Kjarvalsstöðum haldið málþing í tilefni af sýningunni. Sigrún Inga flytur lykilerindi, en auk hennar taka til máls Æsa Sigrúnjónsdóttir, sýningarstjóri og dósent í listfræði við HÍ; Unnar Örn Auðarson myndlistarmaður; Ragnheiður Björk Þórsdóttir, sérfræðingur á sviði textíls og vefnaðar; sem og Guðmundur Oddur Magnússon, Guddur, grafískur hönnuður. Sunnudaginn 19. febrúar kl. 14 verður boðið upp á samtal listamanns og sýningarstjóra og sunnudaginn 5. mars kl. 14 verður síðan boðið upp á leiðsögn sýningarstjóra um sýninguna.